

Miðvikudaginn 3. maí 1978.

Nr. 84/1978. **Ákærvaldið**

gegn

Hákoni Aðalsteinssyni.

Gæsluvarðhaldsúrskurður ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur hinn 22. apríl 1978 samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar í því skyni, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Gögn máls bærust Hæstarétti hinn 28. f. m. Greinar-gerðir hafa hvorki borist frá varnaraðilja né ríkissaksóknara.

Samkvæmt lögregluskýrslum, sem fylgdu hinum kærða úrskurði, er varnaraðilja gefið að sök að hafa sunnudags- kvöldið 16. apríl sl. ekið bifreið undir áhrifum áfengis. Stöðv- uðu lögreglumenn hann við akstur nálægt Laxamýri í Þing- eyjarsýslu og færðu hann á lögreglustöðina á Húsavík, þar sem honum var tekið blóð til rannsóknar á alkóhólinnihaldi þess. Að því búnu var honum ekið heim til sín, en við lög- regluyfirheyrslu viðurkenndi hann að hafa neytt áfengis og fundið til áhrifa þess við aksturinn, er „á leið ferðina“. Varn- araðilja er einnig gefið að sök að hafa drukkin um klukkan 0030 hinn 17. apríl sl. sett af stað brunaboða á þaki slökkvi- stöðvarinnar á Húsavík. Var hann handtekinn skömmu síðar og færður í fangageymslu. Er hann var yfirheyrður af lög- reglumönnum næsta morgun um sakaratriði þetta, kvaðst hann minnast þess að hafa farið að heiman frá sér og gengið að svokallaðri „sérleyfisstöð“, en ekki muna neitt, hvað hann aðhafðist eftir það eða hvert hann fór.

Framangreindar lögregluskýrslur eru hvorki lagðar fram í héraðsdómi né þeirra getið. Ekki er að sjá, að varnaraðili hafi verið spurður um kæruatriði þeirra fyrir dómi eða tjáð sig um þau, sbr. 75. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opin- berra mála.

Ekki liggur fyrir kæra á hendur varnaraðilja um, að hann hafi veist að heimilisfólki sínu að Sólbrekku 6 á Húsavík, og engar skýrslur hafa verið teknar af fólki þar. Í bréfi héraðsdómara til Hæstaréttar, dags. 25. f. m., sem fylgdi gögnum máls, segir, að lögreglumenn hafi tjáð héraðsdómara, að eiginkona varnaraðilja teldi sig og börn sín ekki óhult um líf sitt, á meðan varnaraðili væri í ölvunar- og vímuástandi. Um þetta atriði hefur varnaraðili hvorki verið yfirheyrður af lögreglu né fyrir dómi, sbr. 75. gr. nefndra laga.

Í hinum kærða úrskurði eru, svo sem að framan greinir, kæruefnum ekki gerð viðhlitandi skil og ekki getið, hverjar rannsóknarnauðsynjar eru til að beita gæsluvarðhaldi, sbr. 67. gr. laga nr. 74/1974, en eingöngu vísað til 123. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga án frekari málsútlitunar.

Pykja slíkir annmarkar á hinum kærða úrskurði, að óhjákvæmilegt er að ómerkja hann.

Það athugast, að varnaraðilja var eigi kynnt ákvæði 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974, er hann kom fyrir dóm, og eigi var honum veittur kostur á að fá sér skipaðan verjanda eftir uppkvaðningu úrskurðar, sbr. 80. gr. og 1. mgr. 81. gr. síðastnefndra laga.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Úrskurður sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur 22. apríl 1978.

Ár 1978, laugardaginn 22. apríl kl. 2350, var sakadómur Þingeyjarsýslu og Húsavíkur settur í lögreglustöðinni í Húsavík og haldinn af Sigurði Gizurarsyni sýslumanni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að kveða upp gæsluvarðhaldsúrskurð yfir Hákon Aðalsteinssyni, Sólbrekku 6, Húsavík.

Aðdragandi og orsakir málsfyrirtöku þessarar eru þær, að Hákon Aðalsteinsson, Sólbrekku 6, Húsavík, hefur verið að undanfögnu í miklu ölvunarástandi og komið þannig fram við heimilisfólk sitt að Sólbrekku 6, að það hefur ekki talið sig óhult um líf sitt.

Hinn 16. apríl sl. um kvöldið var Hákon tekinn fastur fyrir ölvun við akstur og var fluttur heim til sín kl. 2330. Kl. 0035 var gangsettur brunaboði við lögreglustöðina, og vitni sá Hákon koma frá byggingunni. Var Hákon skorinn á hendi, og blóð var á veggnum við brunaboðann. Miðvikudaginn 19. apríl lagðist Hákon inn á Sjúkrahús Húsavíkur til meðferðar. Að kvöldi föstudagsins 21. apríl, kl. 0140, var hringt af sjúkrahúsinu og tilkynnt, að Hákon væri farinn þaðan og hefði hann drukkið áfengi ofan í lyf, sem honum höfðu verið gefin á sjúkrahúsinu. Yfirlæknir sjúkrahússins vildi ekki fá hann aftur á sjúkrahúsið nema þá undir strangri gæslu.

Var óskað eftir því, að lögreglan geymdi hann, þar til víman rynni af honum. Framangreindar upplýsingar eru gefnar af lögreglunni á Húsavík.

Þá kemur fyrir dóminn Hákon Aðalsteinsson, Sólbrekku 6, Húsavík, fæddur 13. júlí 1935 á Jökuldal.

Er mætta hafði verið kynntar ástæður fyrirtektarinnar, kvaðst hann vilja taka fram, að hann hefði alls ekki smakkað áfengi föstudagskvöldið 21. apríl, og kvaðst hann hafa gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá lögregluna til þess að leyfa sér að blása í alcotestblöðru til þess að skera úr um þetta atriði.

Mætti segist hafa það eftir Val Valdimarssyni, að Sævar Kárason, Stóragarði 5, sem er í næsta nágrenni við lögreglustöðina, hafi verið á fótum, er brunaboðinn var settur í gang sunnudagskvöldið 16. apríl, gengið 3—4 skref út að glugga, sem snýr að brunaboðanum, og hafi hann engan mann séð við brunaboðann.

Að athuguðum framangreindum málavöxtum og með tilvísan til 123. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 úrskurðast:

Mætti, Hákon Aðalsteinsson, til þess að sæta gæsluvarðhaldi í 7 daga.